

27. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði, 5. júlí 2017 og hófst hann kl. 18:00.

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM), aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI), aðalmaður, Árni Traustason (ÁT), byggingafulltrúi, Elfar Steinn Karlsson (ESK), embættismaður og Guðmundur Sæmundsson (GS), varamaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Dagskrá:

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins. Inn í hans stað kom Guðmundur Sæmundsson.

1. Norður-Botn. Umsókn um byggingarleyfi. - 1706009

Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir stækkun á húsi H3 í Norður-Botni, landnr.140294, matshl.06. Erindinu fylgja upprættir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 25.03.2017 og frá Tækniþjónustu Vestfjarða dags. maí 2017. Málinu var frestað á 26.fundi nefndarinnar og óskað frekari gagna. Nánari gögn bárust þann 23.06.2017.

Nefndin frestar afgreiðslu málsins vegna misræmis í teikningum, ekki er ljóst af teikningunum hver viðbyggingin er.

2. Guðmundur M. Ástþórsson. Umsókn um lóð, Dunhagi. - 1706039

Erindi frá Guðmundi M. Ástþórssyni og Dagnýju Steinsdóttur rekstraraðilum Dunhaga, Tálknafirði. Í erindinu óska þau eftir, fyrir hönd óstofnaðs hlutafélags um lóð undir húsið og viðbyggingu sem mun hýsa hótélherbergi. Ætlunin er að byggja hótélherbergi norðaustan og suðaustan við núverandi hús sem verður nýtt fyrir móttöku og veitingar ásamt því að sýning, tengd sögu Tálknafjarðar, verður í sal á efri hæð. Gamla húsið verður gert upp og varðveitt og verður hæð herbergisálmu haldið neðan við þakskegg Dunhaga þannig að gamla húsið verði ríkjandi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir umsækjendum á að fyrirhuguð starfsemi samræmist ekki skilmálum aðalskipulags en um verulega breytingu á landnotkun er að ræða og hafnar erindinu á þeim forsendum. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem svæði fyrir þjónustustofnanir.

Sigurvin Hreiðarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins. Inn í hans stað kom Guðmundur Sæmundsson.

3. Arctic Smolt. Umsókn um byggingarleyfi, H4 Norður-Botn - 1707005

Erindi frá Shiran Þórisssyni f.h. Arctic Smolt, kt.600212-2570. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 1152 m² vatnshreinsihúsi H4 í Norður-Botni, landnr.140294. Erindinu fylgja upprættir unnir af Vigfúsi Halldórssyni, dags. 28.06.2017.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis. Nefndin bendir á ósamræmi í framlögðum gögnum.

4. BA-337 ehf. Umsókn um byggingarleyfi, Kirkjubraut 8. - 1707004

Erindi frá BA-337 ehf. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir 26,2m² frístundahúsi að Kirkjubraut 8. Erindinu fylgja upprættir unnir af Riss verkfræðistofu dags., 25.05.2017.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis. Nefndin ítrekar við sveitarstjórn þær áherslur í deiliskipulagi svæðisins sem sendar voru sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa þann 15.06.17.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Lilja Magnúsdóttir (LI)

Árni Traustason (ÁT)

Elfar Steinn Karlsson (ESK)

Guðmundur Sæmundsson (GS)
